

# HVERNIG SÆKJA Á UM FRAMHALDSNÁM VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2020 – 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS

## Umsóknarfrestur

Umsóknarfrestur um framhaldsnám við Háskóla Íslands er frá byrjun mars til og með **15. apríl**. Á vef HÍ má finna upplýsingar um [námsframboð í framhaldsnámi](#) við Háskólann. Inntökuskilyrði í framhaldsnám við HÍ eru mismunandi eftir námsgreinum. Hægt er að sækja um allmargar [viðbótarnámsleiðir á meistarastigi](#) til 5. júní. Ráðgjöf og upplýsingar um námsval er hægt að fá hjá [Náms- og starfsráðgjöf HÍ, starfsmönnum deildaskrifstofa, á vef skólans \(www.hi.is\)](#) og í [Kennsluskrá HÍ](#).

## Rafræn umsókn

[Rafræn umsókn](#) er á vef HÍ og er eingöngu tekið við rafrænum umsóknum. Með tilkomu nýs umsóknarforms þurfa **allir** umsækjendur að byrja á að stofna aðgang að **samskiptagátt HÍ**. Þar er skráð netfang og búið til lykilorð og stofnaður aðgangur. Það er ekki hægt að nota Ugluaðgang til að innskrá sig í samskiptagáttina heldur þarf að stofna séraðgang inn í gáttina.

## Staðfest ljósrit/afrit af prófskírteini

Þeir sem hafa lokið námi frá öðrum háskólum en HÍ þurfa að skila frumriti eða staðfestu ljósriti/afriti af prófskírteini (með undirritun og lituðum stimpli frá skóla) á pappírformi til [Nemendaskrár HÍ, 3. hæð Háskólatorgi, 102 Reykjavík](#). Umsækjendur sem lokið hafa grunnnámi frá HÍ eftir 1980 þurfa ekki að skila afriti af prófskírteini. Skila þarf öllum fylgigögnum eigi síðar en **29. apríl**. Umsækjendur sem áætla að ljúka fyrstu háskólagráðu í júní eða október skila vottorði/staðfestingu um námslok til Nemendaskrár, nemendur HÍ þurfa ekki að skila inn slíkri staðfestingu.

## Fylgigögn með umsókn

Hægt er að senda ýmis fylgigögn rafrænt, á pdf formi, með umsókn. Sumar deildir gera kröfur um að sérstök fylgigögn séu sett inn í umsóknina. Á vef HÍ, [umsókn um framhaldsnám](#), er hægt að finna upplýsingar yfir [möguleg rafræn fylgigögn](#) sem hægt er að setja inn með umsókn. Nánari upplýsingar varðandi fylgigögn með umsókn er hægt að fá hjá [viðeigandi deildarskrifstofu](#). Ef óskað er eftir meðmælubréfi ber umsækjanda að biðja umsagnaraðila að senda það beint til Nemendaskrár, [umsokn@hi.is](mailto:umsokn@hi.is).

## Afgreiðsla umsóknar

Eftir að umsókn hefur verið vistuð og innsend er hægt að fylgjast með afgreiðsluferlinu inn í samskiptagáttinni, undir flípanum „Yfirlit umsókna“. Á [upplýsingasíðu fyrir umsækjendur](#) er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir umsækjendur.

**Vinsamlegast athugið að svar við umsókn er einungis rafrænt inn í samskiptagáttinni.**

## Skrásetningargjald

Ef umsókn er samþykkt mun krafa um skrásetningargjaldið birtast í netbanka umsækjanda ásamt rafrænu skjali. Ef umsækjandi sótti um í fleiri en eina námsleið og fær samþykki inn í nám í báðar eða fleiri þarf að hafa samband við Nemendaskrá, [nemskra@hi.is](mailto:nemskra@hi.is) og tilkynna hvaða nám umsækjandi hyggst ætla að stunda. Skrásetningargjald HÍ er kr. 75.000 og er **eindagi gjaldsins 4. júlí**. Eftir eindaga fellur krafan niður og jafnframt vilyrði um skólavist.

[Nánari upplýsingar varðandi skrásetningargjöld Háskóla Íslands má finna á heimasíðu skólans.](#)

**Skrásetningargjaldið er ekki endurgreitt, hætti stúdent námi.**

## Ugla: notandanafn og lykilorð

Sólarhring eftir að skrásetningargjaldið hefur verið greitt geta nýir nemendur við HÍ farið inn á [upplýsingasíðu fyrir umsækjendur](#). Þar skal smella á +Notandanafn og lykilorð fyrir samþykktu umsækjendur. Þar er hlekkur sem þú getur notað til að skrá þig inn í samskiptagátt HÍ með netfanginu og lykilorðinu sem að þú bjóst til þegar þú stofnaðir aðgang. Í gáttinni, undir flípanum „Yfirlit umsókna“ úthlutar þú þér notandanafni og lykilorði fyrir Uglu, innri vef Háskóla Íslands. Nýja notandanafnið og lykilorðið virkjast á tveimur klukkustundum, að þeim tíma liðnum geta nemendur byrjað að nota Ugluna [www.ugla.hi.is](http://www.ugla.hi.is).